

9. Karóla María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 21. júní 1901. 51
14. apríl
10. Klothilde María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 27. febr. 1898.
11. Petersen, Axel Jakob, bókari, til heimilis í Reykjavík, fæddur í Danmörku 12. nóv. 1896.
12. Petersen, Skúli, unglíngur, fæddur í Danmörku 26. jan. 1925.
13. Sætran, Jón Meyvant Sivertsen, tekn. ing., nú í Kaupmannahöfn, fæddur í Reykjavík 21. febr. 1915.
14. Sætran, Þorsteinn Bertrand, rafvirki, til heimilis í Reykjavík, fæddur 26. okt. 1911.
15. Theodula María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 25. júlí 1887.
16. Timothea María, nunna, til heimilis í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 13. sept. 1874.

2. gr.

Ef ríkisstjórnin telur nauðsynlegt vegna núverandi styrjaldarástands, er henni heimilt að lengja frest þann, er 4. mgr. 4. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935 ræðir um, eða veita aðilum með öllu undanþágu frá skilyrði málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Einar Arnórsson.

L Ö G

52

um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

14. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. maí 1943 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur jarðirnar Ell-iðavatn og Hólm í Seltjarnarneshreppi ásamt lóðum og löndum, sem úr þeim hafa verið seldar. svo og spildu þá úr landi jarðarinnar Vatnsenda í sama hreppi. er bæjarstjórn Reykjavíkur kann að taka eignarnámi samkv. heimild í lögum nr. 57 4. júlí 1942. Enn fremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti, sem eignarnámsheimild 3. gr. tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði í Mosfellshreppi, ásamt öllum lóðum og löndum, sem seldar hafa verið úr þeim.

Frá 1. maí 1953 skal leggja undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur þann hluta Grafarholts, sem samkv. 1. mgr. fellur eigi nú þegar undir það.

52

14. apríl

Frá 1. maí 1943 tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra þeirra þurfamanna, sem eru eða verða og framfærslurétt eiga eða mundu eignast, ef lög þessi yrðu ekki sett, vegna fæðingar eða dvalar á löndum þeim, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er fyrir 1. sept. 1943 heimilt, ef ekki næst samkomulag við eiganda Grafarholts fyrir 1. júní 1943 um kaup á jörðinni, að láta taka eignarnámi jörðina Grafarholt í Mosfellshreppi, ásamt nýbýlinu Engi og þeim lóðum og löndum, er seld hafa verið úr landi jarðarinnar. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917. Eignarnámsheimild þessi tekur þó ekki til þess hluta Grafarholtslands, sem er neðan við Vesturlandsbraut.

4. gr.

Fyrir árslok 1943 skulu fara fram endanleg fjárskipti milli Reykjavíkurbæjar og Seltjarnarneshrepps annars vegar og Reykjavíkurbæjar og Mosfellshrepps hins vegar, þar á meðal væntanlegar skaðabótgreiðslur til hreppanna.

5. gr.

Allar fjárgreiðslur samkv. lögum þessum, aðrar en endurgjald fyrir Grafarholt samkv. 3. gr., skulu ákveðnar af gerðardómi, og skal hann einnig skera úr öllum ágreiningi milli málsaðila út af lögum þessum. Gerðardóminn skipa 3 menn, er hæstiréttur nefnir til þess. Skal einn þeirra vera dómari í hæstarétti, og er hann formaður gerðardómsins. Kostnað við gerðardóminn greiðir Reykjavíkurbær eftir ákvörðun dómsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.

53

14. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsg. 35. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðir greiða hver um sig í sjóð sjúkrasamlaga $\frac{1}{4}$ greiddra iðgjalda, þó ekki yfir 12 kr. fyrir hvern tryggðan mann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma til framkvæmda frá 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Sæmundsson.